

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 63/2002**

**frá 31. maí 2002**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2002 frá 19. apríl 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2163/2001 frá 7. nóvember 2001 um tæknilegt fyrirkomulag gagnaflutninga fyrir hagskýrslur um vöruflutninga á vegum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 7d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/35/EB) í XXI. viðauka við samninginn:

„7e. **32001 R 2163:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2163/2001 frá 7. nóvember 2001 um tæknilegt fyrirkomulag gagnaflutninga fyrir hagskýrslur um vöruflutninga á vegum (Stjtið. EB L 291, 8.11.2001, bls. 13).“

*2. gr.*

Texti reglugerðar (EB) nr. 2163/2001, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 291, 8.11.2001, bls. 13.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.